



STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM / 2020

AÐFARAORÐ FORSTÖÐUMANNNS

Árið 2020 verður lengi í minnum haft. COVID-19-faraldurinn stakk niður fæti í íslensku samfélagi um mánaðamótin febrúar og mars og stofnunin fór ekki varhluta af þeim vágesti. Umskiptin voru snögg. Um miðjan mars hafði starfsemin að mestu flust inn í heimahús sem kom misjafnlega niður á starfsfólki. Fáir voru með viðveru á þremur starfsstöðvum stofnunarinnar. Í hönd fór tímabil óvissu.

Starfsfólk tókst á við nýjar áskoranir af hugmyndaauði, jákvæðni og dæmalausri þrautseigju. Eins og kemur fram í ársskýrslunni sést glögg að ekki var slegið slöku við og er aðdáunarvert hve vel hefur tekist á tíma heimsfaraldurs að halda öllum verkefnum á góðu skriði og jafnvel efla þjónustu við almenning og stúdenta. Ég er gríðarlega stolt af starfsgleði, metnaði og samtakamætti starfsfólks stofnunarinnar á síðasta ári.

Stofnunin tók myndarlega á móti áskoran stjórnvalda til fyrirtækja og stofnana um að skapa sumarstörf þegar stefndi í mikið atvinnuleysi hjá stúdentum sumarið 2020. Fjölmargir styrkir fengust úr auknum Nýsköpunarsjóði námsmanna og úr sumarátaki Vinnumálastofnunar. Fimm tíu öflugir sumarstarfsmenn, mest háskólastúdentar, unnu sumarlangt að verkefnum á öllum fagsviðum og með þeim barst ferskur vindur inn í stofnunina.


Margir stórir áfangar náðust á árinu. Stofnunin leggur áherslu á að bæta aðgengi almennings og fræðimanna að gögnum og söfnum í vörslu hennar sem felst hvort tveggja í senn í að gera skjöl og handrit stafræn og að efla stafræn gögn og tæknilegar lausnir. Þannig er Árnastofnun öflug rafræn upplýsingaveita sem þjónustar vaxandi hóp notenda innanlands sem utan eins og sjá mátti á síðasta ári, en þá sló notkun á gagnagrunnum stofnunarinnar öll met. Öll þau stóru skref sem stigin voru á síðasta ári skila sér strax til almennings og fræðimanna.

Nú styttest í flutning stofnunarinnar og samstarfsfólks við Háskóla Íslands í Hús íslenskunnar árið 2023. Framkvæmdir við bygginguna gengu firnavei á árinu og tilhlökkunin vex dag frá degi. Framtíðin er svo sannarlega spennandi.



Guðrún Nordal forstöðumaður

SKIPURIT STOFNUNAR ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra með stjórn sem er forstöðumanni til ráðgjafar.

Stjórn 2020

Í stjórn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru Dagný Jónsdóttir formaður, Sigrún Magnúsdóttir varaformaður, Terry A. Gunnell, Torfi Tulinius og Guðrún Þórhallsdóttir. Þrjú síðastnefndu eru tilnefnd af Háskóla Íslands.

Starfsfólk 2020

Á árinu var 41 fastráðinn starfsmaður við stofnunina og verkefnaráðnir starfsmenn með tímabundna ráðningu voru 56 talsins. Haraldur Bernharðsson, dósent við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, og Þórður Ingi Guðjónsson, ritstjóri Íslenzkra fornrita, eru í nánum tengslum við stofnunina og hafa þar fasta vinnuáðstöðu. Fjölmargin fræðimenn nýta sér rannsóknaraðstöðu stofnunarinnar. Á árinu voru samtals 23 gestafræðimenn og fyrrverandi starfsmenn með fasta eða tímabundna aðstöðu. Ónefndir eru þá 13 doktorsnemar sem höfðu vinnuáðstöðu í Árnagarði eða á Laugavegi 13.

Húsnæðismál 2020

Starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fer fram á þremur stöðum í og við miðborg Reykjavíkur. Í Árnagarði við Suðurgötu, á Laugavegi 13 (2., 4. og 5. hæð) og í Þingholtsstræti 29. Stofnunin hefur einnig umsjón með gestaíbúð í Þingholtsstræti 29 sem erlendir fræðimenn, sem koma til landsins til að stunda rannsóknir, geta dvalið í. Í Safnahúsinu við Hverfisgötu var sýningin Sjónarhorn en á sýningunni voru meðal annars 13 handrit, og þar af sjö sem stofnunin lánaði. Safnkennari stofnunarinnar hafði jafnframt aðstöðu í húsinu til að taka á móti skólahópum í tengslum við handritin á sýningunni. Sérýningin Óraviddir – orðaforðinn í nýju ljósi í umsjá Árnastofnunar var einnig hluti af sýningarhaldi hússins á árinu. Auk þessa hafa handrit úr safni stofnunarinnar um árabíl verið til láns á grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands.



VIÐBURÐIR 2020

JANÚAR

15. janúar. Ný útgáfa Konungsbókar eddukvæða kom út. Í þessari nýju útgáfu er staftáknrétt (diplómatiskt) útgáfa Konungsbókar.

25. janúar. Rask-ráðstefna Íslenska málfræðifélagsins og Málvísindastofnunar Háskóla Íslands haldin í 34. sinn í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands.

FEBRÚAR

3. febrúar. Tímaritið *Orð og tunga* skráð í gagnagrunn DOAJ (Directory of Open Access Journals).

MARS

18. mars. Vegorðasafni bætt inn í *Íðorðabankann*.

31. mars. Norræni súðbyrðingurinn tilnefndur á skrá Unesco.





HIRSLAN

Síðasta vetrardag árið 1971 komu fyrstu tvö handritin aftur heim til Íslands frá Danmörku, eftir lausn handritamálsins.

Þetta voru Þjóðargersemanar Flateyjarbók og Konungsbók eddukvæða sem hafa síðan verið varðveittar á Árnastofnun. Þessum handritum, og átta öðrum merkisbókum, má nú fletta í stafrænni handritahirslu stofnunarinnar sem opnuð var á sumardaginn fyrsta. (hirslan.arnastofnun.is/)


Með *Hirslunni* opnast almenningi nýr aðgangur að þessum mörg hundruð ára gömlu bókum. Þær geyma ekki bara frægar bókmenntir okkar heldur eru líka listaverk í sjálfum sér, skrifaðar af þauvönnum skrifurum og myndlýstar af listamönnum sem flestir eru nú óþekktir.

Hverju handriti fylgir stuttur kynningartexti en gestir Hirslunnar eru hvattir til að fletta bókunum eins og þá lystir og spreyta sig á handritalestri.

APRÍL

- 2. apríl.** Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og prófessor við Háskóla Íslands, kjörin í Norsku vísindaakademíuna.
- 2. apríl.** Ný *Íslensk nútímamálsorðabók* birt endurbætt á vefnum.
- 22. apríl.** Sumargjöf Árnastofnunar. Stafræn handritahirsla þar sem almenningi opnast nýr aðgangur að þessum mörg hundruð ára gömlu bókum.
- 24. apríl.** 100 ára afmæli *Íslensk-danskrar orðabókar* sem Sigfús Blöndal og Björg C. Þorláksson hófu að semja árið 1903.





KENNSLA Á NETINU

Alþjóðasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skipulagði tvo sumarskóla í íslenski tungu og menningu sumarið 2020. Alls tóku tæplega sextíu nemar þátt í námskeiðunum tveimur. Í júní var fjögurra vikna norrænt fjarnámskeið í íslensku haldið á vegum hugvísindasviðs Háskóla Íslands og stofnunarinnar. Í byrjun júlí hófst svo fjögurra vikna alþjóðlegur sumarskóli í íslenski tungu og menningu. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum stóð fyrir námskeiðinu í samvinnu við hugvísindasvið Háskóla Íslands og annaðist skipulagningu þess. Þetta var í þrítugasta og fjórða skiptið sem slíkur sumarskóli var haldinn. Á þessum erfiðum tímum faraldursins COVID-19 gátu nemendur valið milli fjarnáms og staðnáms í Reykjavík og var það í fyrsta sinn sem slíkt fyrirkomulag var viðhaft.

Þátttakendur í alþjóðlega sumarskólanum voru tuttugu og átta að þessu sinni, tíu í fjarnámi og átján í námskeiðum í Reykjavík, og komu þeir frá þrettán löndum. Þeim var skipt í tvo hópa í íslenskunáminu eftir kunnáttu en allir höfðu þegar lagt stund á íslensku heima fyrir, annaðhvort hjá íslenskukennurum eða með aðstoð vefnámskeiðsins Icelandic Online. Auk þess að nema íslensku gafst stúdentunum tækifæri til að hlýða á fyrirlestra um náttúru Íslands, sögu Íslendinga, menningu á Íslandi og íslensk stjórnsmál, heimsækja menningarstofnanir og skoða sig um á sögustöðum.

Mikill áhugi er á að læra íslensku víða um lönd. Með ári hverju berast fleiri umsóknir um hvers konar íslenskunám fyrir útlendinga hér á landi.



JÚNÍ

8. júní. Nordkurs á netinu. Vegna COVID-19-faraldursins var brugðið á það ráð að halda íslenskunámskeiðið á netinu að þessu sinni.

16. júní. Um 50 sumarstarfsmenn og verkefnaráðnir starfsmenn á vegum Vinnuálastofnunar og/eða Nýsköpunarsjóðs námsmanna voru ráðnir á starfsstöðvar Árnastofnunar yfir hásumarið.

29. júní. Tuttugasta og annað hefti tímaritsins *Orð og tunga* kom út í ritstjórn Helgu Hilmisdóttur. Í þessu hefti ritsins er fjallað um orðræðuagnir, tökuorð, rökliðagerð sagna, nýyrði, ritreglur og nafnfræði.

JÚLÍ

6. júlí. Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku. Boðið var upp á námskeið í staðnámi og fjarnámi.

ÁGÚST

25. ágúst. Árnastofnun samþykkti stefnu um opinn aðgang gagna.

31. ágúst. Tvö fyrstu heftin í nýrri ritröð sem nefnist Fornar biblíuþýðingar komu út á vegum stofnunarinnar. Heftin tvö geyma annars vegar *Júðitarbók* í þýðingu frá um 1300 í útgáfu Svanhildar Óskarsdóttur og hins vegar *Makkabeabækur* í þýðingu frá síðari hluta 16. aldar í útgáfu Karls Óskars Ólafssonar og Svanhildar Óskarsdóttur.

SEPTEMBER

8. september. Miðlunarverkefninu Handritin til barnanna 2020–2021 var hleypt af stokkunum. Dagatal með handritamyndum og ýmsum fróðleik var sent í alla grunnskóla á landinu með það að markmiði að kveikja áhuga ungmenna á þeim spennandi menningararfi sem handritin geyma.


14. september. Sigurðar Nordals fyrirlestur. Úlfar Bragason hélt fyrirlestur að þessu sinni.

21. september. Nýr krakkavefur opnaður. Árnastofnun lét hana sérstakan vef, krakkar.arnastofnun.is, sem er hugsaður fyrir börn og ungmenni.

1350

Möðruvallabók er orðin til


Möðruvallabók er eitt merkasta íslenska handritið en í henni er fyrst og fremst að finna Íslendingasögur, ellefu talsins. Bókin er þykk, stór og glæsileg og hún er vel geymd í Árnastofnun. En bókin hefur ferðast mikið í gegnum tíðina og í Kaupmannahöfn var hún um 300 ára skeið.



1387

Flateyjarbók

Flateyjarbók er eitt verðmætasta handrit í heimi. Bókin er risastór og hnausþykk, 225 síður. Hver kálfur gaf af sér tvær síður, þannig að til þess að búa til Flateyjarbók á árunum 1387–1394 þurfti að slátra 113 kálfum. Í dag kostar einn kálfur kannski 20.000 krónur, sem þýðir að það myndi kosta næstum því 300.000 krónur að útvega sér blöðin í þessa einu bók! Flateyjarbók er alls ekki vegan!





OKTÓBER

8. október. Íslensk stafsetningarorðabók fékk eigin vefsíðu.

NÓVEMBER

5. nóvember. Íslensk-danskur orðabókarsjóður afhentur Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

16. nóvember. Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í 25. sinn. Gerður Kristný rithöfundur hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar í ár. Sérstaka viðurkenningu fékk Félag ljóðaunnenda á Austfjörðum.

DESEMBER

3. desember. Íslenskt orðanet var opnað í nýrri og endurbættri útgáfu á vefslóðinni ordanet.arnastofnun.is.

18. desember. Vefurinn nafnið.is var opnaður formlega en hann veitir aðgang að örnefnasafni Árnastofnunar sem nú er orðið leitarbært í heild sinni.

23. desember. *Gripla XXXI* kom út í ritstjórn Elizabeth Marie Walgenbach og Hauks Þorgeirssonar.

Orð ársins 2020. Sóttkvi.



NAFNIÐ.IS

„Þegar maður svo að leiðarlokum stendur á bæjarhláðinu á Hallsteinsnesi, og sagan líður manni fyrir sjónum sem mynd á tjaldi, kemur í hug það sem skáldið frá Skógum í Þorskafirði segir í frægu kvæði: „Hver einn bær á sína sögu, / sigurljóð og raunabögu, / tíminn langa dregur drögu, / dauða og lífs, sem engin veit.““ Þetta skrifaði sveitungi skáldsins Matthíasar Jochumssonar, Ólafur Ólafsson síðasti bóndinn á Hallsteinsnesi í Gufudalshreppi í Austur-Barðastrandarsýslu, í örnefnaskrá sína fyrir jörðina. Efnið var gefið út í tímaritinu *Breiðfirðingi* (43. bindi, 1985) en afrit skjalsins ásamt öðrum skjölum, sem innihalda athugasemdir og viðbætur, er varðveitt í örnefnasafni Árnastofnunar.

Í desember 2020 var nýr vefur Árnastofnunar, nafnið.is, opnaður og var það mikið fagnaðarefni því vefurinn veitir aðgang að skjölum úr örnefnasafni stofnunarinnar sem geymir heimildir um örnefni vítt og breitt um landið. Verkefnið var styrkt af Innviðasjóði Rannís og Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur.

Örnefnasafn Árnastofnunar (áður Örnefnastofnun Íslands) er mjög umfangsmikið og mikilvægur hluti af menningararfi þjóðarinnar. Örnefni eru meðal annars heimildir um málsögu Íslands og sögu landsins almennt. Í safninu eru varðveitt hátt í 14.000 skjöl (bæði textar og myndrænt efni) sem áætlað er að geymi rúmlega hálf milljón örnefna. Á upphafsárum söfnunarinnar var oft látið nægja að taka saman einbera örnefnalista, en snemma var farið að flétta örnefnin inn í lýsingar á staðháttum og landnotum sem oft fylgja sagnir og fróðleikur af ýmsu tagi. Afraksturinn er svonefndar örnefnalýsingar sem eru kjarni safnsins. Yfirleitt fjalla

þær um land tiltekinna bújarða en stundum um annars konar svæði, t.a.m. afrétti, almenninga og fiskimið. Tæplega hundrað ár eru liðin frá því að skipulagt starf við söfnun örnefna hófst á Íslandi og á þeim tíma hafa þúsundir heimildarmanna og skrásetjara lagt því lið.


Drjúgur þáttur í undirbúningi gagnagrunnsins var stafræn skráning gagnanna. Skjölin voru flokkuð eftir tegund og upplýsingar um heimildarmenn o.s.frv. slegnar inn. Nemendur við Háskóla Ísland unnu að verkefninu en þeir eru Bryndís Súsanna Þórhallsdóttir, Hákon Darri Egilsson, Magnús Jochum Pálsson, Oddur Pálsson, Victoria Bakshina og Wen Ge. Trausti Dagsson, verkefnisstjóri í upplýsingatækni, leiddi þróun grunnins og notendaviðmótsins fyrir hönd stofnunarinnar ásamt Pétri Húna Björnssyni en hann var ráðinn sem forritari verkefnisins. Starfsmenn nafnfræðisviðs, Emily Lethbridge og Aðalsteinn Hákonarson, höfðu umsjón með verkefninu og héldu utan um gagnavinnuna. Einnig ber að geta að Landmælingar Íslands eru samstarfsaðili verkefnisins og gögnin þeirra ásamt samvinnu við þá er undirstaða kortasjár vefsins.

Vonast er til að þróun vefsins *nafnið.is* verði til að skapa ný tækifæri við notkun gagnanna í opnu aðgengi. Örnefnasafn Árnastofnunar er talsvert notað í verkefnum á vegum hins opinbera og í einkageiranum. Vefurinn gerir þessum aðilum kleift að nálgast gögnin milliliðalaust. Einnig verður fræðimönnum á ólíkum vísindasviðum gert kleift að móta rannsóknarverkefni sem tengjast örnefnum og staðháttum og síðast en ekki síst má vænta þess að verkefnið glæði áhuga og auki þekkingu á nöfnum víðar í samfélaginu.

FASTRÁÐNIR STARFSMENN 2020



Aðalsteinn Hákonarson




Antonio Costanzo



Ari Páll Kristinsson




Ágústa Þorbergsdóttir



Ásta Svavarsdóttir



Beeke Stegmann



Birna Lárusdóttir



Branislav Bédi



Einar Haraldsson



Einar Freyr Sigurðsson




Eiríkur Rögnvaldsson



Elizabeth Walgenbach




Emily Lethbridge



Eva María Jónsdóttir




Gísli Sigurðsson



Guðný Ragnarsdóttir



Guðrún Nordal



Guðvarður Már
Gunnlaugsson



Haldóra Jónsdóttir




Haukur Þorgeirsson




Helga Sveindís
Helgadóttir



Helga Hilmisdóttir



Ingibjörg Þórisdóttir




Jóhann Kristján
Konráðsson




Jóhannes B. Sigtryggsson




Kári Kaaber



Kristín Bjarnadóttir



Margrét Eggertsdóttir



Rakel Pálsdóttir



Rósa Þorsteinsdóttir



Samúel Þórisson



Sigurborg K.
Stefánsdóttir




Sigurður Stefán Jónsson



Steinunn Aradóttir



Steinnþór Steingrímsson



Svanhildur María
Gunnarsdóttir




Svanhildur Óskarsdóttir




Trausti Dagsson



Vasaré Rastonis



Þórdís Úlfarsdóttir



Þórunn Sigurðardóttir



Leit í stafsetningarorðabók

Notaðu * og _ sem algildisstafi. Dæmi: aðal* og ma_ur

Stafsetningarorðabókin er opinber réttitunarorðabók um íslensku. Hlutverk hennar er að veita vísindin viðhorf um vandað ritmál. Hún er byggð á ritreglum Íslenskrar málfræðingafélagsins nr. 800/2018.

ÍSLENSK STAFSETNINGARORÐABÓK

MED EIGIN VEFSÍÐU

Íslensk stafsetningarorðabók (ÍS) er komin með eigin vefsíðu: <https://stafsetning.arnastofnun.is/>. Áður var bókin aðeins aðgengileg innan vefgáttanna *málið.is* og *snara.is*.

Ýmsar nýjungar í birtingu efnis eru á hinni nýju vefsíðu: efnisflokkar, orðskipting, sýnd er merking og uppruni vandritaðra orða og framsetningin er tengd náð við ritreglur Íslenskrar málnefndar. *Íslensk stafsetningarorðabók* (áður *Stafsetningarorðabókin*) er opinber réttitunarorðabók um íslensku. Hlutverk hennar er að leiðbeina um rithátt og beygingar í samræmi við

hefðbundin viðhorf um vandað ritmál. Fyrsta útgáfa orðabókarinnar (Dóra Hafsteinsdóttir (ritstj.). 2006. *Stafsetningarorðabókin*. Rit Íslenskrar málnefndar 15) var unnin á Íslenskri málstöð en Árnastofnun hefur séð um orðabókina síðan 2006.

Ritstjóri ÍS er Jóhannes B. Sigtryggsson rannsóknarlektor á málræktarsviði Árnastofnunar. Trausti Dagsson, verkefnisstjóri í upplýsingatækni á stofnuninni, skipulagði notendaviðmótið ásamt ritstjóra og hannaði vefsíðuna.

MÁLTÆKNIAÆTLUN

Fyrsta ári máltækniáætlunar stjórnvalda lauk 30. september. Markmiðið með áætluninni er að búa til innviði fyrir þróun í máltækni, s.s. fyrir þýðingarvélar, stafsetningar- og málfarsleiðréttingu, talgervla og talgreina. Auk þess munu þessir innviðir, gögn og grunnverkfæri gagnast í rannsóknum og á öðrum sviðum sem geta nýtt sér máltækni. Flest verkefnanna sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum vinnur að innan áætlunarinnar bæta þjónustu hennar við almenning og styðja við rannsóknir, einkum á orðfræðisviði og málræktarsviði. Á annan tug starfsmanna vinnur við máltækniáætlunina á stofnuninni en hópurinn hefur starfsaðstöðu í Þingholtsstræti 29.

Máltækniáætlunin er unnin í samstarfi nokkurra stofnana og fyrirtækja. Verkefnið er starfsmenn


stofnunarinnar unnu að á fyrsta ári áætlunarinnar voru meðal annars í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Grammatek ehf. og Miðeind ehf. Má þar nefna tól sem skiptir orðum fyrir notendur milli lína í samræmi við gildandi reglur og orðtökutól sem getur t.a.m. gagnast við að auka við orðaforðann í ISLEX-orðabókunum, *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* (BÍN) og öðrum orðasöfnum. Einnig var gögnum *Íslensks orðanets* varpað yfir á nýtt form svo að það nýttist betur í máltækni-verkefnum. Þá var unnið að áframhaldandi þróun BÍN, nýrri útgáfu Risamálheildarinnar og endurskoðun á gullstaðli Markaðrar íslenskrar málheildar. Að þremur síðustu verkþáttunum er áfram unnið á öðru ári áætlunarinnar.

ÚTGÁFUR ÁRSINS 2020


Auk tveggja ritrýndra tímarita sendi Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum frá sér tvær bækur á árinu, báðar í nýrri ritröð sem nefnist Fornar bibliúþýðingar:

Júdíit eftir AM 764 4to í útgáfu Svanhildar Óskarsdóttur.

Makkabear eftir handriti nr. 251 í safni Breska Bibliúfélagsins nú Green Collection Sig. MS. 000851 í útgáfu Karls Óskars Ólafssonar og Svanhildar Óskarsdóttur.



The Codex Regius of the Poetic Edda. Konungsbók eddukvæða. GKS 2365 4to í ritröðinni Editiones Arnarnagnæanæ. Series Electronicæ (Vol. III). Ritstjórar og útgefendur Guðvarður Már Gunnlaugsson, Haraldur Bernharðsson og Vésteinn Ólason. Mál og menning gaf bókina út í samvinnu við stofnunina.



Myndir: Sigurður Stefán Jónsson ljósmyndari á Árnastofnun tók allar ljósmyndir í ársskýrslunni nema myndirnar á bls. 4 og 5, sem fengnar eru úr Sarpi, bls. 6 (höf. Marc Daniel Skibsted Volhart) og bls. 7 (höf. Ingibjörg Þórisdóttir).

Hönnun: Hunang · Sigrún Sigvaldadóttir.

Prentun: Svansprent.

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



Skrifstofa Árnagarði við Suðurgötu · 102 Reykjavík · sími 525 4010
arnastofnun@arnastofnun.is · www.arnastofnun.is

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
í íslenskum fræðum